

fme
FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Leiðbeinandi tilmæli

**um viðmiðunarreglur til að efla samræmi í aðferðum í eftirliti
með fjármálafyrirtækjum**

nr. 1/2007

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

17. apríl 2007

I. Inngangur

Í 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skuli reglulega leggja mat á eiginfjárförf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess. Þá er í 17. gr. sömu laga og í 51. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 kveðið á um að hjá fjármálafyrirtæki skuli vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeirri áhættu sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Í 52. gr. sömu reglna er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið meti hvort þær ráðstafanir sem fjármálafyrirtæki grípur til séu nægjanlegar, hvort stjórnun sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeirri áhættu sem felst í starfseminni.

Basel II reglurnar um eigið fé fjármálafyrirtækja, sem byggðar á staðli frá Baselnefndinni um bankaeftirlit, eru í þremur hlutum, svonefndum stoðum eftir enskum heitum þeirra, Pillar I, II og III. Þau ákvæði sem liggja til grundvallar leiðbeinandi tilmælum þessum eru: grein nr. 22, 123, 124 og 136 og viðaukar V og XI í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana.

Í 22. grein segir að fjármálafyrirtæki eigi að viðhafa öfluga stjórnunarháetti, sem byggja m.a. á skýru stjórnskipulagi með vel skilgreindri, gegnsærri og samkvæmri stjórnunarábyrgð og áhrifaríka ferla við að bera kennsl á, stýra, fylgjast með og upplýsa um þá áhættu sem fyrirtækið verður eða gæti orðið fyrir. Jafnframt að til staðar sé viðunandi innra eftirlit, m.a. traustir ferlar varðandi stjórnun og bókhald.

Í 123. grein segir að fjármálafyrirtæki skuli hafa trausta, árangursríka og heildstæða stefnu og ferla til að meta, bæði í upphafi og á viðvarandi máta, þær fjárhæðir, tegundir og dreifingu eigin fjár sem fyrirtækin telja fullnægjandi sem vörn gegn þeirri áhættu sem þau verða eða gætu orðið fyrir, með tilliti til eðlis og stigs áhættunnar.

Í 124. grein segir að eftirlitsstjórnvöld skuli fara yfir fyrirkomulag, stefnu og ferla sem fjármálafyrirtæki setur og eigið fé sem fyrirtækið hefur í því skyni að meta hvort þetta tryggir trausta stjórnun og vörn gegn áhættu.

Í 136. grein segir að eftirlitsstjórnvöld geti krafist þess að fjármálafyrirtæki sem uppfylli ekki fyrirmæli tilskipunarinnar grípi til viðeigandi aðgerða.

Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði (Committee of European Banking Supervisors (CEBS)) hefur sett viðmiðunarreglur vegna eftirlitsferla (*Supervisory Review Process*). Reglurnar eru undir annarri stoð eiginfjárreglna fyrir fjármálafyrirtæki og eru settar til að efla samræmi í eftirlitsaðferðum m.a. vegna aukinnar þarfar fyrir samstarf í eftirliti milli landa. Fjármálafyrirtækjum ber að kynna sér efni viðmiðunarreglna CEBS: Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2 (GL 03)¹ og eru þær hluti af leiðbeinandi tilmælum þessum.

¹ <http://www.c-ebs.org/pdfs/GL03.pdf>

II. Önnur stoðin (Pillar II)

Markmið með annarri stoðinni (*Pillar II*) er að styrkja tengslin milli mats fjármálafyrirtækisins annars vegar á áhættu tengdri starfsemi þess, áhættustjórnunar og þeirra kerfa sem notuð eru til að draga úr áhættu og hins vegar eiginfjárgrunns. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að kanna og meta innra matsferli fjármálafyrirtækisins fyrir eiginfjárþörf (*ICAAP – Internal Capital Adequacy Assessment Process*) og traustleika innri stjórnunarferla þar sem *ICAAP* er notað. Það er hins vegar á ábyrgð fjármálafyrirtækjanna að koma á fót þessu matsferli. Í því skyni má taka tillit til stærðar, mikilvægis og margbreytileika fjármálafyrirtækisins.

Markmiðið með eftirlitsferlunum (*SRP - Supervisory Review Process*) er að tryggja að fjármálafyrirtæki hafi nægilegt eigið fé til að styðja við og mæta öllum mikilvægum tegundum áhættu sem felst í starfseminni. Fjórar grundvallarreglur styðja við þetta mat:

- 1) Það á að vera til staðar kerfi innan fjármálafyrirtækisins til að meta heildar eiginfjárþörf í samræmi við áhættumat og stefna til að tryggja lágmarks eigið fé.
- 2) Eftirlitsaðilar eiga að kanna og meta innra mat fjármálafyrirtækisins á eiginfjárþörf auk innri ferla og hæfni þeirra til að fylgja eftir eigin kröfum um eiginfjárþörf. Eftirlitsaðilum ber að grípa til aðgerða ef þeir eru ekki sáttir við niðurstöðurnar.
- 3) Eftirlitsaðilar geta vænst þess að eigið fé fjármálafyrirtækis sé umfram lágmark og geta krafist þess að eigið fé fjármálafyrirtækis sé umfram lágmarkskröfu.
- 4) Eftirlitsaðilar eiga að grípa tímanlega til aðgerða til að koma í veg fyrir að eigið fé fari niður fyrir lágmarkskröfur.

Stjórn fjármálafyrirtækis ber frumábyrgð á að ferlar og nægilegt eigið fé sé til staðar. Stjórnin setur viðskiptamarkmið, áhættuviðmið, ákveður skipulag, dreifir ábyrgð og heimildum, ákveður boðleiðir og hvaða upplýsingum ber að safna og dreifa auk þess að skipuleggja innra eftirlit.

Innra matsferli fyrir eiginfjárþörf - *ICAAP (Internal Capital Adequacy Assessment Process)* - er ferli til að:

- skilgreina, meta, safna saman og fylgjast með áhættu fjármálafyrirtækisins á fullnægjandi hátt.
- eiga nægilegt eigið fé í samræmi við áhættumat fjármálafyrirtækisins.
- nota traust áhættumatskerfi og þróa þau frekar.

Það er á ábyrgð fjármálafyrirtækisins að skilgreina og þróa sitt eigið *ICAAP* og það er skylda þess að sýna eftirlitsaðilum fram á að matið sé ítarlegt, nægilegt og í samræmi við þá áhættu sem felst í starfsemi mismunandi viðskiptasviða í margbreytilegu viðskiptaumhverfi. Lögð er áhersla á skipulag fjármagns og stjórnunarþætti. Taka á tillit til sveiflna í efnahagsumhverfinu og næmni fyrir utanaðkomandi áhættuþáttum. *ICAAP* á að vera hluti af viðskipta- og stjórnunarferli fjármálafyrirtækis, en ekki sjálfstætt fyrirbæri.

Til að geta metið *ICAAP* fjármálafyrirtækisins kannar Fjármálaeftirlitið allar tegundir áhættu, áreiðanleika og hæfni innri stjórnunar, hvort nægilegt eigið fé sé fyrir hendi og þar að auki aðferðir til að draga úr áhættu. Fjármálaeftirlitið metur hvort aukið eigið fé sé rétta leiðin til að takast á við þá veikleika sem kunna að vera fyrir hendi.

Eftirlits- og matsferli - **SREP** (*Supervisory Review and Evaluation Process*) - er ferli sem þarf að vera uppbyggt með það fyrir augum að tryggja samræmi í meðferð fjármálafyrirtækja m.t.t. þess að áhætta, stefna og stjórnun þeirra er mismunandi. Mikilvægur þáttur í *SREP* er að geta metið eiginleika hvernar tegundar áhættu og stjórnun hennar sem hluta af heildar stjórnunarferlum innan fjármálafyrirtækis.

Áhættumatskerfi - **RAS** (*Risk Assessment System*) - er tæki til að skipuleggja eftirlit og áhættumat Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið mun í samstarfi og samskiptum við fjármálafyrirtæki kanna áhættustefnu þeirra, hvernig þau bera kennsl á, mæla, safna saman og fylgjast með þeirri áhættu sem þau taka og getu þeirra til að mæta þessarri áhættu.

Fyrsta stoðin (*Pillar I*) byggir á samræmdum reglum og lágmarks eiginfjárförf. Staðlaðar reglur ná hins vegar ekki yfir allar hliðar þeirra tegunda áhættu sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækja. Eiginfjárfrafan byggir á heildar áhættumynd fjármálafyrirtækisins og þ.a.l. þarf matið að vera víðtækara en svo að einungis skilyrði fyrstu stoðarinnar séu uppfyllt. Jafnframt er ætlast til að fjármálafyrirtæki starfi með lágmarks eigið fé umfram kröfu fyrstu stoðarinnar.

Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsaðili móðurfélags ber ábyrgð á *SREP* fyrir samstæðuna og eftirlitsaðilar dótturfélaga annast það í viðkomandi ríki. Tekið verður tillit til á hvaða stigi miðstýring er innan samstæðunnar. Samvinna eftirlitsaðila stuðlar að samkvæmni í mati fyrir samstæðuna alla.

Reykjavík, 17. apríl 2007

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Ragnar Hafliðason